

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit.**

1. gr.

Sveitarstjórn Hörgársveitar hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á sorpgjald í sveitarfélaginu fyrir árið 2012 skv. gjaldskrá þessari. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

2. gr.

Sorpgjald heimila er kr. 35.000 fyrir árið 2012. Sorpgjald frístundahúsa er kr. 13.000 fyrir árið 2012, með möguleika á 5.000 kr. lækkun ef þjónusta er ekki veitt á vetrum. Sorpgjald búrekstrar er 50 kr. fyrir hverja sauðkind, 80 kr. fyrir hvert hross, 250 kr. fyrir hvert svín og 300 kr. fyrir hvern nautgrip.

3. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Hörgársveitar 14. desember 2011 er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingum. Gjaldskráin tekur þegar gildi.

Skv. 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 með síðari breytingu hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra veitt umsögn um ofangreinda gjaldskrá þann 25. janúar 2012.

*Hörgársveit, 27. janúar 2012.*

**Guðmundur Sigvaldason** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 14. febrúar 2012